

Færsla frá Steini rektor á Facebook síðu foreldrafélags MH

Áhrif hertra sóttvarnareglna á skólastarf í MH

Í viku 7. og 8. er engin kennsla í skólahúsnæði MH vegna hertra sóttvarnaraðgerða. Í nýjum reglum er ekki gert ráð fyrir neinni blöndun nemenda milli hópa og í áfangaskóla þýðir það að ekki er hægt að taka á móti nemendum þar sem þeir sækja tíma með mismunandi hópum nemenda milli daga. Auk þess er gerð krafa um tveggja metra náandarreglu sem þýðir að einungis 1/3 af hverjum hópi myndi rúmast í kennslustofum. Kennslan er stafræn og fer fram í gegnum INNU, TEAMS eða Zoom. Kennslan fer fram í beinni í a.m.k. helmingi kennslustunda, t.d. í löngu tímunum eða báðum stöku tímunum. Til að beinar útsendingar gangi upp þá þurfa nemendur að sýna virkni og vera í mynd eins og kennarar óska eftir. Við viljum fá aðstoð ykkar í að gera MH-ingana virka í stafrænu kennslumhverfi, t.d. með því að athuga hvort hljóð og mynd virki. Tímar á móti beinum útsendingum eru skipulagðir sem verkefnatímar með stuðningi kennara. Afar mikilvægt er að hvetja MH-ingana að tileinka sér gott skipulag og fylgjast vel með á INNU hvað er verið að gera í hverjum áfanga. Starfsfólk stoðþjónustu og bókasafns svarar öllum fyrirspurnum í gegnum tölvupóst og síma og hitta nemendur eins og á þarf á að halda í gegnum samskiptamiðilinn TEAMS. Allar nánari upplýsingar er að finna inn á heimasíðu skólans undir hnappnum COVID-19.